

Verkefnaráð

Fundargerðir: Verkefnaráðs 20.02.2023

Birting í stafrænu pósthólfi – island.is	2
Hlíting stafrænna lausna	4
Reglustjórnun/Útgáfustjórnun	5

Verkefnaráðsfundur 20.02.2023

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Verkefnaráðsfundur 20.02.2023 (aukafundur)
Dagsetning 20.02.2023	Staðsetning Borgartún 12-14, 6. hæð, Sandholt
Mættir: Arna Ýr Sævarsdóttir, Ásta Þöll Gylfadóttir, Edda Jónsdóttir, Eva Björk Björnsdóttir, Óskar Sandholt, Ólafur Óskar Egilsson, Pröstur Sigurðsson, Karen María Jónsdóttir, Aldís Geirdal Sverrisdóttir	
Fjarverandi: Enginn	
Fundarritari: Eva Björk Björnsdóttir	

Dagskrá fundar

Mánudagur, 20. febrúar 2023, kl. 14:45-15:30 – 6. hæð, Sandholt, Borgartún 12-14.

14:45 – 14:50 Uppstilling

14:50 – 14:55 Birting í stafrænu pósthólfi Island.is – Verkefni skrifstofu sviðsstjóra – Karen María

14:55 – 15:05 Hlíting stafrænna lausna – Verkefni skrifstofu sviðsstjóra – Karen María

15:05 – 15:20 Útgáfustjórnun á reglum – Karen María

15:20 – 15:30 Umræður

15:30 Fundi slitið

Birting í stafrænu pósthólfi – Island.is

Þetta verkefni er sjötta stigahæsta verkefni sem verkefnaráð er með í vinnslu með 3,93 stig í Fylkinu. Það er því ljóst að þetta verkefni er forgangsverkefni hjá sviðinu. Verkefnið var samþykkt hjá verkefnaráði haustið 2022 og er hér ítrekað mikilvægi þess að fá inn verkefnastjóra sem allra fyrst.

Lög um stafrænt pósthólf tóku gildi í júní 2021. Í stafrænu pósthólfi skal birta hvers konar gögn sem verða til við meðferð máls hjá stjórnvöldum, svo sem tilkynningar, ákvarðanir, stefnur, úrskurði, ákvaðir og aðrar yfirlýsingar. Gagn í stafrænu pósthólfi telst birt þegar það er orðið aðgengilegt í stafrænu pósthólfi viðtakanda og virkjust þar með svokölluð réttaráhrif.

Stafrænt Ísland hefur nú uppfært innleiðingaráætlun sína og er öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu gert skylt að klára sína innleiðingu fyrir lok þriðja ársfjórðungs 2023. Samkvæmt innleiðingaráætluninni er það hlutverk hvers sveitarfélags fyrir sig að tryggja tæknitengingar, bera kennsl á þau gögn sem lögin gera kröfu til að séu birt í pósthólfinu og útbúa þau til birtingar. Einnig bera sveitarfélögin ábyrgð á að forgangsraða sínu efni til birtingar í stafræna pósthólfinu, ásamt innri vinnu svo sem endurskrif á afgreiðslubréfum, breytingu á vinnuferlum og upplýsingatæknikerfum, sem og hýsingu ganga í öruggu rekstrarumhverfi.

Nánar er kveðið á um hlutverk og skyldur sveitarfélaga sem birtingaraðila og Stafræns Íslands sem rekstraraðila í þjónustuskilmálum Stafræns Íslands.

Samkvæmt leiðbeiningum fyrir birtingaraðila sem Stafrænt Ísland hefur einnig gefið út ber sveitarfélögunum að fara í gegnum sína málaflokka, í samræmi við lögbundið hlutverk sitt, og taka afstöðu til þess hvaða gögn skuli birt í pósthólfinu enda beri þeir ábyrgð á birtingu þeirra.

Þar sem löng bið hefur verið eftir verkefnastjóra tóku lögfræðingar ÞON það að sér í upphafi árs að leiða hóp lögfræðinga af öllum sviðum borgarinnar áfram í greiningu á því hvaða gögn skyldi birta í pósthólfinu og taka afstöðu til álitamála. Farið var í gegnum alla málaflokka og þau lög, reglugerðir og reglur sem þjónusta innan þessaramálaflokka byggir á rúnd, auk þess sem sem skráð voru öll þau tilvik sem þar sem gerð er krafa í sömu lögum og reglugerðum og reglum um að niðurstaða málsmeðferðar sé birt með tilteknum hætti.

Þar sem lögin kveða ekki með nákvæmum hætti á um hvað skuli birt, heldur tiltekur „öll gögn sem verða til við meðferð máls“ en einnig hugtök eins og „tilkynningar, ákvarðanir, úrskurði, ákvaðir og aðrar yfirlýsingar“ var ákveðið að túlka lögin þröngt þ.e. með þeim hætti að borgin væri ekki að birta öll sín gögn í stafræna pósthólfinu heldur einungis niðurstöður málsmeðferðar sem lýkur með stjórnvaldskákvörðun.

Niðurstaðan er sú að lögfræðingar hafa nú tekið saman yfirlit yfir allar einstaka stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru innan borgarinnar en þær eru hátt í 350 talsins. Einnig var kortlagt hvaðan afgreiðslubréf ákvarðananna eru birt þjónustuþegum í dag svo sem beint úr Hlöðunni, Ráðgjafanum, Bjargeyju, Fjárhagsaðstoðinni eða öðrum lausnum/kerfum sem borgin rekur eða hefur þróað. Töluvert magn afgreiðslubréfa er þó aðeins sent með tölvupósti.

Tæknitengingar við Strauminn eru þegar orðnar virkar. Næstu skref eru því að verkefnastjóri forgangsraði efni til birtingar í stafræna pósthólfinu. Sviðin standa misjafnlega stödd hvað tilbúin afgreiðslubréf varðar, auk þess sem utan um mörg þeirra eru engin kerfi. Mikilvægt er að samhliða verði skoðað hvernig og hvar bréfin eru birt inni á Mínum síðum, enda eru þau einungis spegluð yfir í stafrænt pósthólfi.

Næstu skref:

Næstu skref er að fá inn verkefnastjóra sem forgangsraðar þeim afgreiðslum sem eiga að fara inni pósthólfið. Velferðarsvið er búið að endurskrifa sín bréf, en ekki er nægilega gott utnumhald á öðrum sviðum. Verkefnið er tilbúið til afhendingar til verkefnastjóra, mikilvægt að upplýsinga- og tæknisvið komi að verkefninu, framleiðandi Mínar síður, ásamt fleirum.

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Birting í stafrænu pósthólfi – Island.is ÞON 4 2 5 5 5 4 = 3.93

Staðfest af verkefnaráði 09.11.2022

Endurstaðfest skor þann 20.02.2023

Niðurstaða verkefnaráðs:

Að verkefnið fari í verkefnastýringu á verkefnastofu sem allra fyrst.

Ákvarðanir

Nr.	
1	Mjög mikilvægt að verkefni fari í verkefnastýringu sem allra fyrst.

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefni fari í fyrsta forgang í verkefnastjórnun, tilkynnt deildarstjóra og teymisstjóra verkefnastýringar	EJ	x

Hlíting stafrænna lausna

Reykjavíkurborg leggur metnað sinn í að tryggja að þær lausnir/vörur sem Reykjavíkurborg ákveður að innleiða og/eða smíða hlíti lögum og reglugerðum, reglum, álitum og dómum. Enda byggja þjónustur borgarinnar allar á lögum, reglugerðum og reglum sem kveða á um hvaða kröfur þjónustan skal uppfylla.

Staðan í dag er sú að þegar kerfi hefur verið innleitt, eða lausn smíðuð og hún sett í rekstur, þá er engin leiða að fylgjast með því hvort að breytingar í regluumhverfinu hafi áhrif á það hvort hún sé ennþá lögmæt (e. compliant). Þetta veldur lögfræðingum þeirra fagsviða sem veita þjónustu miklum áhyggjum þar sem niðurstöður þjónustuveitingar oft kærðar til úrskurðanefnda. Þjónustuveiting í gegnum stafræna lausn er fyrir þeim algert svarthol þar sem erfitt er að fylgjast með og hafa áhrif á að þjónustuveiting uppfylli lagaskyldirði.

Þegar vara er gefin út hjá Reykjavíkurborg í dag, tekur ekkert ferli við sem tryggir það að verði gerðar breytingar á lögum eða reglugerðum, eða ný samþykkt, falli dómur er varða opinberar lausnir eða birti eftirlitsaðilar eins og Persónuvernd og Umboðsmaður álit, þá sé fylgst með því hvaða breytingar þetta séu og hvaða áhrif þær hafa á hönnun og virkni þeirra lausna sem eru í rekstri. Þannig getur sú vinna sem unnin var í upphafi, og þar með virði vörunnar og jafnvel líftími orðið að engu, standist þær ekki kröfur, með tilheyrandi sektum og í versta falli beini tilskipun um að taka kerfi strax úr umferð.

Lögfræðingar ÞON hafa síðastliðna fjóra mánuði unnið að POC verkefni í samstarfi við lögfræðistofuna ERA, sem sérhæfir sig í tæknimiðaðri þjónustu með áherslu á reglustjórnun, ásamt starfsmönnum frá Háskólanum í Reykjavík. Gengið var út frá spurningunni: *hvernig getum við haldið utan um breytingar í regluumhverfinu sem varða starfsemi sveitarfélaga og metið áhrif breytinganna á lögmæti þeirrar stafrænu þjónustu sem við veitum? Hvernig getum við tryggt með einföldum hætti að breytingar í regluumhverfinu skili sér í reglulegum uppfærslum og útgáfustjórnun þeirra lausna sem við höfum þróað?*

Vinnan byggir á hugmyndafræði sjálfgefinnar og innbyggðar GDPR sem er yfirferð yfir á önnur lög sem okkur ber sem sveitarfélag að hlíta. Hún er tilkomin vegna dóms sem féll í Danmörku þar sem niðurstaðan var að rafræn málsmeðferð stjórnsýslunnar hefst strax við smíði kerfis og er hún því að hluta til eða öllu leiti innbyggð í það. Einnig á álitum Umboðsmanns Alþingis um sama efni sem birtist í nóvember í fyrra um aðkomu lögfræðinga að smíði lausna fyrir opinbera þjónustu, en umboðsmaður úrskurðaði að kerfi fyrir þjónustuna Loftbrú skyldi tekið niður þar sem hlítni þess við lög væri ábótavant. Þá hefur Persónuvernd úrskurðað um mál af sama toga þ.e. Ferðagjörina sem endaði með stjórnvaldssekt á bæði ríkið og þróunaraðila lausnarinnar.

Hópurinn hefur fram til þessa nýtt gjaldfrjálsa útgáfu af Airtable (low-code data-platform með venslum) til að lista upp 40 lög sem varða starfsemi Reykjavíkurborgar og greint þau niður í 960 ólíkar kröfur. Þá hefur hópurinn tekið þær lausnir sem borgin hefur þróað, brotið þær niður í módúla og virkni og tengt við kröfur eða kröfuset. Niðurstaðan er að skila því sem vonast var eftir þ.e. að hægt sé að taka eina reglubreytingu og skoða með einföldu klikki á hvaða lausn eða hóp lausna hún hefur áhrif á. Þannig er hægt að forgangsraða betur hvaða breytingar þarf að ráðast í á þeim lausnum sem borgin hefur gefið út.

Staðan nú er sú að gjaldfrjálsa útgáfan af Airtable heimilar ekki innsetningu meiri gagna. Þá vantar aðsoð við að setja inn restina af þeim lögum, reglugerðum og reglum sem varða starfsemi borgarinnar, og klára að tengja við þær vörur sem búið er að gefa út eða eru í útgáfu.

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Hlítning stafrænna lausna: 2 2 1 2 3 2 1.73

Staðfest af verkefnaráði 14.3.2023

Niðurstaða verkefnaráðs:

Næstu skref eru að fara í nánari greiningu hjá verkefnastjóra á kerfinu Airtable, athuga hvort þó aðgangur svari allri þörf. Ef ekki þá þarf að fara í nánari greiningu á hvaða kerfi á markaði myndi henta fyrir þetta verkefni. Loks að klára innsetningu allra laga, reglugerða og reglna er varða starfsemi borgarinnar svo hægt sé að tengja þær við einstaka lausnir og kerfi.

Ákvarðanir

Nr.	Ákvörðun
1	Skoðar núverandi kerfi – ath hvort og hvað það kosti að kaupa þó aðgang að Airtable
2	Ef þarfirnar eru meiri en Airtable eða ef kerfið er dýrt – þá skoða önnur kerfi
3	Klára þarf að setja öll nauðsynleg gögn inn í kerfið

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Rýna Airtable		
2	Kaupa þjónustu við frekari innsetningu efnis		

Reglustjórnun/Útgáfustjórnun

Sveitastjórnun ber að setja sér reglur um ýmis málefni og þjónustu svo sem fjárhagsaðstoð og er það gert á grundvelli lagaákvæða og leiðbeinandi reglugerða sem samþykktar eru á Alþingi. Jafnframt er sveitarstjórnun heimilt að setja sér nánari reglur um einstök málefni svo sem innkaupareglur eða reglur um úthlutun styrkja. Þessar reglur ber síðan að birta almenningi en mikill brestur er á birtingunni.

Samþykktar reglur borgarinnar eru hátt í áttatíu talsins. Eina sviðið sem heldur utan um reglurnar í þartilgerðri lausn og þar með útgáfustjórnun, er velferðarsvið en þar er haldið utan um gæðaskjöl í forritinu FOCAL sem heldur einnig utan um gæðahandbók sviðsins.

Útgefna reglur af Reykjavíkurborg fela í sér réttaráhrif. Borginni ber skylda að uppfæra reglur í sínar í samræmi við laga og reglugerðabreytingar á Alþingi. Sé ekki haldið markvisst utan um þær, þeim ekki útgáfustýrt og nýjasta útgáfa ávalt birt á ytri vef, þá stendur borgin höllum fæti komi til þess að mál fari fyrir kærunefnd, eftirlitsaðila eða dómstóla.

Markmiðið er að kjörnir fulltrúar, starfsfólk borgarinnar, íbúar og lögaðilar, geti ávalt gengið að nýjustu útgáfum að þeim reglum er varða þá þjónustuveitingu sem þeir eiga rétt á. Draumastaðan er að allar reglur borgarinnar eru samræmdar í inntaki, útliti og uppbyggingu. Þeim er öllum útgáfustýrt af þjónustueigendum og birtar á ytri vef borgarinnar sem tryggir gæði og gagnsæi.

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Reglustjórnun/Útgáfustjórnun: 2 3 1 2 3 2 = 2.00

Staðfest af verkefnaráði 14.3.2023

Niðurstaða verkefnaráðs:

Verkefni fer í greiningu hjá verkefnastofu.

Greining á verkefninu í heild, hvaða lausnir eru til og er samstarf mögulegt.

PON ber ábyrgð á að útvega kerfi til útgáfustýringar og samræmingar.

Ákvarðanir

Nr.	
1	Verkefni fer í greiningu hjá verkefnastofu

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Tilmæli að tengja inn stafrænan leiðtoga í ráðhúsinu og athuga hvort eigandi eigi að vera SBS.	ÁÞG/KMJ	X
2	Rýna lausnir frá Alþingi/aðrar lausnir	KMJ	
3	Tilkynnt til teymisstjóra verkefnastýringar	EJ	X

Næsti fundur

Næsti fundur verkefnaráðs PON verður haldinn þann 23.02.2023